

Sp. 59. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um aðgerðir til þess að auka vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti.

Flm.: Ragnar Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem unnt er framkvæma fullnaðarrannsókn og gera kostnaðaráætlun varðandi aðgerðir til aukningar vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti á grundvelli þeirra frumrannsókna, sem fyrir liggja.

Greinargerð.

Á árunum 1946—48 var reist myndarleg rafstöð við Tungulæk í Landbroti. Framleiddi stöð þessi nóg rafmagn fyrir 5—6 heimili og átti að geta verið framtidarmannvirki. En nokkrum árum eftir að stöðin var reist fór að bera á vatnsskort í læknum til mikilla óþæginda fyrir fólkið, sem fær rafmagn frá umræddri stöð. Vatnsskorturinn í læknum mun að mestu leyti stafa af því, að Skaftá hefur hin síðari ár fallið meira vestur með Skaftártungu í Eldvatnið en áður var.

Árið 1957 framkvæmdi Jón Jónsson jarðfræðingur rannsókn á vatnsskortinum í Tungulæk skv. ósk raforkumálastjóra og lagði fram tillögur til aukningar vatnsins. Tókst að auka vatnsrennslis í læknum um skeið með tiltölulega litlum kostnaði. En nú hefur aftur sótt í sama horf. Kveður svo mjög að vatnsskortinum, að rafstöðin er næstum óvirk tímunum saman.

Á s. l. sumri framkvæmdi Jón Jónsson jarðfræðingur á ný rannsóknir á þessu vandamáli á vegum raforkumálaskrifstofunnar. Hefur hann skilað álit og lagt fram ákveðnar tillögur til úrbóta. Er það á grundvelli þeirra, sem þingsályktunartillagan er flutt.